Nr. 638 19. júlí 2010

# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 2.178 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 392 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 163 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392/2003, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er 329.000 kr. fyrir einstakling og 1.647.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 82.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 829 frá 29. ágúst 2008.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 19. júlí 2010.*

**Gylfi Magnússon.**

*Kjartan Gunnarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 4. ágúst 2010